

Ár. 2005, mánudaginn 18. apríl var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í kærumálinu nr. 2/2004:


Grímur Þórisson
gegn
Golfsambandi Íslands

Með bréfi sóknaraðila, Gríms Þórissonar, dags. 28.07.2004, var úrskurður áhugamenskunefndar GSÍ frá 06.07.2004, kærður til dómstóls GSÍ. Formaður dómstólsins, Hjörleifur B. Kvaran, fór með málið og kvað upp úrskurð 11.10.2004 þar sem úrskurður áhugamenskunefndar um þriggja ára sviptingu áhugamannaréttinda sóknaraðila í golfi var staðfestur. Með áfrýjunarbeiðni sóknaraðila, dags. 18.10.2004, áfrýjaði sóknaraðili úrskurði dómstólsins til áfrýjunardómstóls GSÍ. Að lokinni viðbótargagnaöflun felldi áfrýjunardómstóllinn fyrri úrskurð úr gildi og vísaði málinu til nýrrar meðferðar hjá dómstóli GSÍ með úrskurði dags. 27.01.2005. Með bréfi dags. 07.02.2005 ákvað dómsformaður að undirritaður dómari í dómstól GSÍ skyldi fara með málið. Með bréfi dags. 14.02.2005 var varnaraðila, Golfsambandi Íslands, gefinn kostur á að halda uppi vörnum og skila greinargerð, sem barst dómnum 10.03.2005. Með bréfi dags. 15.03.2005 var sóknaraðila gefinn kostur á að reifa málið frekar með tilliti til framlagðra gagna varnaraðila og barst frá honum greinargerð dags. 30.03.2005.

Kröfugerð sóknaraðila er sú að ákvörðun áhugamenskunefndar GSÍ frá 06.07.2004 skuli felld úr gildi og sóknaraðili skuli frá úrskurðardegi dómstólsins öðlast áhugamannaréttindi sín að nýju. Til vara er gerð sú krafa að ákvörðun nefndarinnar um biðtíma í 3 ár verði stytt í 2 ár. Kröfugerð varnaraðila er að ofangreind ákvörðun áhugamenskunefndar verði staðfest.

Fyrir dómnum liggja eftirtalin skjöl:

1. Bréf áhugamenskunefndar til Gríms Þórissonar, dags. 09.10.2003.
2. Bréf Björgvins Þorsteinssonar hrl., dags. 21.10.2003.
3. Ákvörðun áhugamenskunefndar GSÍ frá 05.11.2003.
4. Ákvörðun áhugamenskunefndar GSÍ frá 06.07.2004.
5. Bréf Gríms Þórissonar, dags. 28.07.2004.
6. Bréf starfsmanns GSÍ til dómstóls GSÍ, dags. 10.09.2004.
7. Bréf dómstóls GSÍ til Gríms Þórissonar, dags. 22.09.2004.
8. Bréf Gríms Þórissonar til dómstóls GSÍ, dags. 29.09.2004.
9. Úrskurður dómstóls GSÍ dags. 11.10.2004.
10. Áfrýjunarbeiðni Gríms Þórissonar, dags. 18.10.2004.
11. Bréf áfrýjunardómstóls GSÍ til stjórnar GSÍ dags. 06.11.2004.
12. Bréf stjórnar GSÍ til áfrýjunardómstóls GSÍ dags. 10.01.2005.
13. Dreifibréf GSÍ til golfklúbba dags. 09.05.2004.
14. Bréf stjórnar GSÍ til áfrýjunardómstóls GSÍ dags. 19.01.2005.
15. Úrskurður áfrýjunardómstóls GSÍ dags. 27.01.2005.
16. Bréf formanns dómstóls GSÍ til dómara dags. 07.02.2005.
17. Greinargerð varnaraðila.
18. Úrskurður R&A 3-2a/10.
19. Úrskurður R&A 9-2B/3.
20. Greinargerð sóknaraðila.



Málavextir eru þeir að 10.07.2003 tók sóknaraðili þátt í opnu gólfmóti á vegum útvarpsstöðvarinnar Bylgjunnar sem haldið var á Akranesi, en það mót var eitt mót af mótaroð sem útvarpsstöðin hélt á tímabilinu 05.06.2003-21.08.2003. Hefðbundin verðlaun voru auglýst ásamt því að dregin yrði út bifreið í lok mótaraðarinnar. Í mótum þessum var sá háttur á hafður að áður en hin hefðbundna keppni byrjaði var öllum þátttakendum gefinn kostur á að slá golfbolta inn í merktan hring úr ákveðinni fjarlægð. Sóknaraðili var einn af þeim rúmlega 300 kylfingum sem hitti hringinn og í lok mótaraðarinnar var hann dreginn út sem vinningshafi að bílnum sem var af gerðinni Nissan Primera. Tók sóknaraðili við bifreiðinni og var sá gjörningur kærður til áhugamenskunefndar GSÍ. Framvinda málsins eftir það er rakin hér að framan.

Helstu málsástæður og önnur rök sóknaraðila eru eftirfarandi:

Um hafi verið að ræða mótaroð Bylgjunnar með 10 opnum mótum sem tengd hafi verið ýmsum skemmtiatriðum á vegum Bylgjunnar. Hafi þessi mót fengið mikla aðsókn og hafi keppendur verið samtals um 870. Í kynningum mótsins hafi annars vegar verið gerð grein fyrir verðlaunum mótsins sem hafi verið í samræmi við golfreglur og hins vegar að dreginn yrði út umræddur bill eftir að mótum væri lokið. Það hafi verið gert viku eftir síðasta mótið. Sóknaraðili hafi litið svo á að leikur sá að slá bolta inn í hring hafi verið liður í skemmtidagskrá Bylgjunnar og hefði ekkert með verðlaun fyrir golf að gera. Þessu til stuðnings sé bent á að þetta fyrirkomulag hafi verið kynnt á vefsíðu GSÍ og hjá viðkomandi golfklúbbum án nokkurra athugasemda fyrr eða síðar. Þá sé hvergi getið í golfreglum né kylfingum kynnt á annan hátt ritið DECISIONS on the RULES OF AMATEUR STATUS sem niðurstaða dómstóls GSÍ hafi verið byggð á. Sé ástæða til að hafa það í huga við ákvörðun óhlutgengis sóknaraðila sem áhugamanns. Sóknaraðili telur einnig að heimildir golfstjórnarvaldsins til ákvörðunar um missi áhugamannaréttinda án þess að þá liggi fyrir tímalengd þess missis séu andstæðar 2. mgr. 36.2 gr. laga um ÍSÍ og hafi því GSÍ eða áhugamenskunefnd GSÍ borið að leggja málið fyrir dómstól GSÍ til ákvörðunar um tímalengd á missi áhugamannaréttinda sóknaraðila. Þá sé það óheimilt og framsal á refsivaldi að byggja tímalengd biðtíma endurheimtu á áhugamannaréttindum á erlendum refsireglum og framlagður refsiramma af hálfu lögmans varnaraðila komi ekki fram í hinum birtu reglum og sé auk þess of seint fram kominn. Sóknaraðili telji einnig að ekki eigi að miða við markaðsverð umræddrar bifreiðar heldur söluandvirði að frádregnum sköttum. Samanburður við önnur brot eins og lyfjamisnotkun, sem séu mun alvarlegri, eigi að leiða til vægari viðurlaga.

Helstu málsástæður og önnur rök varnaraðila eru eftirfarandi:

Áhugamenskunefnd hafi byggt ákvörðun sína í einu og öllu á gildandi reglum og með hliðsjón af málavöxtum og upplýsingum sem fyrir lágu við meint brot. Um sé að ræða skýlaust brot á reglu 3-2a sem fjallar um takmörkun áhugamanns til móttöku vinningsfjár í golfleik. Andvirði bifreiðarinnar, sem verið hafi 2,3-2,4 milljónir króna sé langt umfram verðmæti sem þiggja megi og því sé brotið mjög alvarlegt. Þriggja ára biðtími til að öðlast áhugamannaréttindi á ný sé því væg refsing. Ekki komi til álita að líta svo á að sóknaraðili hafi verið í afsakanlegri villu varðandi meint brot því meginregla sé að leikmaður sé ábyrgur

fyrir því að kunna reglurnar. Um hafi verið að ræða keppni í golfleik og þeir einir haft möguleika á vinningi sem tóku þátt í golfmótinu. Þá sé ekki hlutverk golfstjórnarvalds, mótstjórna né dómara að hafa eftirlit með því að verðlaunaveitingar séu innan marka reglna um áhugamenn. Golfstjórnarvaldi eða áhugamenskunefnd GSÍ beri ekki heldur skylda til án kröfu að hafa eftirlit með opnum mótum eða eyða vafa um hvort þau samræmist settum reglum.

Niðurstaða dómsins er eftirfarandi:


Áhugamenskunefnd byggði ákvörðun sína á gildandi reglum og í samræmi við þau gögn sem fyrir lágu um meint brot. Hvorki lög ÍSÍ, meint takmarkað aðgengi íslenskra kylfinga að golfreglum “The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews” eða réttarfarsleg rök sóknaraðila haggja því að þátttaka sóknaraðila og móttaka umræddra verðlauna var skýlaust brot á reglu 3-2a. Andvirði bifreiðarinnar verður ekki metið með öðrum hætti en með markaðsvirði hennar sem óumdeilt er að hafi verið 2,3-2,4 milljónir króna. Þá verður einnig að líta á það sem meginreglu að kylfingi beri að þekkja þær leikreglur sem leikið er eftir hverju sinni og það sé á hans eigin ábyrgð að afla sér þeirrar þekkingar sem til þarf til að reglum sé fylgt, hvort heldur er almennar leikreglur eða reglur um áhugamannaréttindi. Á hinn bóginn verður að líta til þess að mótaröð Bylgjunnar var með þeim hætti að auðvelt var að sjást yfir að útdráttur úr 300 nöfnum viku eftir síðasta mót í mótaröðinni væri hefðbundinn vinningur í golfkeppni. Þá verður ekki komist hjá því að líta til upplýsingaöflunar og athugasemda áfrýjunardómstóls GSÍ í frávisunarúrskurði sínum þar sem m.a. má ráða í að líta verði á það sóknaraðila til vorkunnar að hvergi komu fram í auglýsingum eða mótahaldinu öllu athugasemdir eða viðvaranir um að móttaka á þessum bifreiðavinningi gæti verið brot á golfreglum og leitt til viðurlaga. Að öllu þessu athuguðu telur dómurinn hæfilegt að biðtími sóknaraðila til að endurheimta áhugamannaréttindi sín skuli vera tvö ár, fari hann eftir reglu 9-2d, þ.e. taki ekki þátt í golfmótum sem áhugamaður í golfi að öðru leyti en því sem tilvitnuð grein heimilar.

Skv. 13. gr. laga um dómstóla Golfsambands Íslands er heimilt að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls GSÍ. Áfrýjunarfrestur er 5 virkir dagar frá því úrskurður er uppkveðinn. Þar sem úrskurður er kveðinn upp að aðilum fjarverandi og sendur þeim í pósti telst áfrýjunarfrestur hefjast tveimur dögum eftir dagsetningu úrskurðar.

Málsmeðferð hefur dregist nokkuð þar sem málsaðilum var gefinn rúmur tími til greinargerða og dómari þurfti að fara erlendis um hálfsmánaðartíma.

Úrskurðarorð.

Sóknaraðili, Grímur Þórisson, skal endurheimta áhugamannaréttindi sín að liðnum tveimur árum frá því kæra barst áhugamenskunefndinni, þ.e. 8. október 2003. Fari hann eftir reglu 9-2d skal hann því endurheimta áhugamannaréttindi sín 8. október 2005.



Tryggvi Guðmundsson, dómari í dómstól GSÍ.